



Blöðrulestin / Ballon Trolley.

Yfirlit:


Flokkurinn reynir að komast ákveðna leið með blöðrur á milli sín.

Hvað þarftu:

Blöðrur og fullt af þeim.
5-8 þátttakendur.

Hvað á að gera:

Leiðbeinandi ákveður leið sem flokkunum á að takast að fara án þess að missa niður blöðru. Athugið að leiðin má ekki vera fáránleg eins og að klifra upp á eitthvað en það er lagi að það þurfi að ganga niður slaka og upp aftur, beygja sig lítillega eða stíga yfir lágar hindranir.



Markmið þrautarinnar er að flokknum takist að komast leiðina án þess að nokkur blaðra lendi á jörðinni **á tíma**.

Látið þátttakendur blása upp blöðruna sína og binda fyrir hana (blásið blöðruna upp um 70-80%). Því næst á flokkurinn að standa í röð með blöðru á milli sín. T.d. ef X er skáti og O er blaðra þá myndi röðin líta svona út: XOXOXOXOX.

Miðað er við að blaðran liggi á milli maga og baks en ef einhverjum dettur annað í hug þá er það í lagi en það verða allir að standa í röð.

Hljómar auðvelt?

- Þátttakendur mega ekki halda í blöðrunar þegar flokkurinn er kominn yfir start línu.
- Ef blaðra dettur á jörðina þá er tvennt í stöðunni:
 - Allur flokkurinn að byrja upp á nýtt.
 - Ef flokknum tekst að koma blöðrunni á sinn stað án þess að nota hendurnar þá mega þeir halda áfram (þetta er hvatning til að vera skapandi í samvinnunni og einnig til að fá flokkanna til að meta það hvort það sé betra fyrir tímann að ná blöðrunni upp eða byrja upp á nýtt)
- Ef blaðra springur þá verður allur flokkurinn að byrja upp á nýtt (og fá nýja blöðru).